



Svanhildur Kr. Sverrisdóttir ver doktorsritgerð sína í menntunarfræðum við Kennaradeild,  
Menntavísindasviði Háskóla Íslands:



„Ef að er gáð: Afdrif aðalnámskrár í íslensku á unglíngastigi grunnskóla og í framhaldsskóla“ föstudaginn 17. október kl. 13 í Hátíðasal Háskóla Íslands

Andmælendur eru dr. Guðrún Geirsdóttir, dósent Háskóla Íslands og dr. Finnur Friðriksson, dósent Háskólanum á Akureyri

Leiðbeinendur voru dr. Ingvar Sigurgeirsson, prófessor í Háskóla Íslands, og dr. Veturliði G. Óskarsson, prófessor við háskólann í Uppsöllum, Svíþjóð. Auk þess sat í doktorsnefndinni Heimir Pálsson, dósent við háskólann í Uppsöllum, Svíþjóð

Dr. Gunnhildur Óskarsdóttir deildarforseti Kennaradeildar Menntavísindasviðs, stjórnar athöfninni

Allir velkomnir

Föstudaginn 17. október nk. kl. 13 fer fram doktorsvörn frá Kennaradeild við Menntavísindasvið, Háskóla Íslands. Þá ver Svanhildur Kr. Sverrisdóttir ritgerð sína „*Ef að er gáð: Afdrif aðalnámskrár í íslensku á unglíngastigi grunnskóla og í framhaldsskóla*“

Um verkefnið

*Ef að er gáð. Afdrif aðalnámskrár í íslensku á unglíngastigi grunnskóla og í framhaldsskóla*

Viðfangsefni rannsóknarinnar er íslenskukennsla á unglíngastigi grunnskóla og í framhaldsskóla. Sjónum er fyrst og fremst beint að kennsluháttum á skólastigunum tveimur og skilum þeirra. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að draga fram og greina markvisst áherslu stefnumótunaraðila á kennsluhætti í íslensku eins og hún birtist í aðalnámskrá, eða ætluðu námskránni, og bera niðurstöðurnar saman við raunveruleikann í sjálfu skólasterfinu, eða virku námskránni.

Rannsóknaraðferðin er eigindleg. Gagna var aflað með vettvangsathugunum í 143 kennslustundum í fjórum grunnskólum og fjórum framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni, með 29 einstaklingsviðtölum við kennara og átta rýnihópaviðtölum við nemendur. Einnig er byggt á lögum um grunn- og framhaldsskóla frá 2008, aðalnámskrám, ársskýrslum skóla, skólanámskrám og kennsluáætlunum.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að gjá sé milli hinnar ætluðu og hinnar virku námskrár; milli hugmynda stefnumótunaraðila um kennsluhætti í íslensku á unglíngastigi og íslenskukennslu í framhaldsskóla og þess sem raunverulega fer fram. Ekki er að sjá að áhersla á fjölbreytni og nemendamiðaða kennsluhætti sem greina má í námskránni hafi skilað sér nema að takmörkuðu leyti inn í skólastofurnar. Þannig virðist íslenska kennd líkt og hún hefur lengst af verið kennd með áherslu á fræðilegt inntak greinarinnar þar sem kennari miðlar nemendum af þekkingu sinni eða námsbækur eru notaðar til að koma þekkingunni til skila. Minna ber á nálgun sem endurspeglar aðra kennsluhætti. Það á ekki síst við um íslenskukennslu á framhaldsskólastigi.

Einkum virðist lögð áhersla á málfræði og bókmenntir og kennslan er prófamiðuð. Skil skólastiganna eru ekki skörp hvað varðar kennsluhætti eða inntak náms í íslensku. Hins vegar virðist vera gjá milli kennaranna sjálfra á skólastigunum tveimur. Gjáin skapast meðal annars af ytri aðstæðum eins og bakgrunni kennaranna, kjarasamningum og stjórnáslu en einnig vegna takmarkaðs áhuga fyrir samvinnu og vegna fordóma framhaldsskólakennara.

Lykilorð: Íslenskukennsla, kennsluhættir, aðalnámskrá, áætluð námskrá, virk námskrá, skil skólastiga.

About the project

*On closer inspection: The realization of the national curriculum in the teaching of Icelandic in lower and upper secondary schools*

The subject of this research is the teaching of Icelandic within lower and upper secondary schools. The focus is first and foremost directed toward the classroom practice in both levels of schooling and their respective differences. The central aim of the research is to elucidate and analyse policy makers' emphasis on classroom practice in Icelandic as it appears in the national curriculum or the intended curriculum, and contrast the conclusions to the reality of actual school work or the enacted curriculum.

The research methodology is qualitative. Data were gathered by means of field studies in 143 lessons in four primary schools and four secondary schools in the capital region and in rural areas of Iceland, with 21 individual interviews with teachers and eight focus-group interviews with students. Moreover, the research is based on national educational laws, the national curriculum, annual schools reports, school syllabuses and curriculum plans.

Um doktorsefnið

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir er fædd í Neskaupstað 1958. Hún starfar sem sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Svanhildur lauk B.Ed.-prófi í list- og verkgreinum frá Kennaraháskóla Íslands 1985, BA-prófi í íslensku frá Háskóla Íslands 1992 og M.Ed.-prófi í uppeldis- og kennslufræðum með áherslu á kennslufræði móðurmáls árið 2004. Svanhildur kenndi íslensku við Hrafnagilsskóla í Eyjafirði, Menntaskólann á Akureyri, Menntaskólann að Laugarvatni og í Garðaskóla í Garðabæ. Hún hefur um árabíl skrifað fjölbreytt námsefni í íslensku, unnið við kennsluráðgjöf, stundakennslu við Háskóla Íslands, ritstýrt *Skímu*, tímariti Samtaka móðurmálskennara, auk ýmissa annarra starfa sem tengjast menntamálum.